

Athugasemdir við:

Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, drög til kynningar

Stjórn Fuglaverndar hefur sérstakar áhyggjur af hvernig svæðið við norðan- og vestanverða Bessastaðatjörn er skipulagt: Íbúðabyggð við Jörfa er of nálægt tjörninni. Golfvöllur sunnan við Fálkastíg og Hvol er ætlaður staður í mikilvægu varplandi, þar sem m.a. er að finna helsta varpstað hettumáfa á öllu SV-landi. Jafnframt þarf að skoða land sem ætlað er undir golfvöll við Breiðaskurð og Stekka.

Smábátahöfn á Breiðabólstaðaeyri við Seylu er afleit að mati stjórnar, staðsetning er slæm, bæði fyrir höfn og svo vegna truflunar á fuglalífi. Seylan er mikilvæg fyrir fugla, staðurinn er opinn fyrir norðaustanátt og stutt er í nálægar smábátahafnir (2,5 km sjóleið í Kópavogshöfn, 4 km í Arnarnesvog, Sjálandshverfi og 3,6 km á Seltjarnarnes) og því varla í anda sjálfbærni, að planta enn einni höfninni á alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði. Jafnframt hefur stjórnin efasemdir um hesthúsabyggð á eyrinni.

Það vekur ugg hversu stór hluti Garðaholts er settur undir byggð. Stjórnin leggur til að lífríki svæðisins verði kannað nánar, áður en gripið er til svo stórtækra athafna. Jafnframt er líklegt að fyrirhuguð byggð í Setbergsholti verði of nálægt Urriðavatni.

Stjórnin vill fagna því að landið norðan Skógtjarnar er hlíft, það ásamt norðurbakka Bessastaðatjarnar og Bessastaðanesi, sem er helsta varpland fugla á Álftanesi.

Loks vill stjórnin benda á efni um lífríki Garðabæjar, þar sem félagar Fuglaverndar hafa rannsakað fuglalíf og sett fram í skýrslum; við hvetjum höfunda skipulagsins til að kynna sér þessar skýrslur vandlega, það virðist hafa farist fyrir við gerð skipulagsins:

Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2015. Fuglalíf á Álftanesi. Fuglar í fjörum, á grunnsævi, tjörnum og túnum árið 2014. Skýrsla, unnin fyrir Umhverfisnefnd Garðabæjar, 72 bls.

Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2013. Fuglalíf í Garðabæ 2013. Talningar á Arnarnesvogi, Vífilsstaðavatni, Urriðavatni og í Vatnsmýri. Unnið fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar, 30 bls.

Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson og Guðmundur A. Guðmundsson, 2004. Gróður og fuglalíf á Álftanesi. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-04012, 48 bls. + kort.

Ævar Petersen og Árni Davíðsson 1993. Fuglalíf Bessastaða og nágrennis. Óbirt skýrsla unnin fyrir Bessastaðanefnd. 23 bls. + 42 myndir.

Reykjavík 21.nóvember 2016

F.hönd stjórnar

Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri Fuglaverndar